

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/664
komudagur 24.7.2009

VERKSAMNINGUR

Nefndasvið skrifstofu Alþingis og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gera með sér svofelldan samning:

- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tekur að sér að vinna greinargerð fyrir fjárlaganefnd þar sem rýnd verða gögn fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands sem notuð voru til að gera úttekt á málum sem tengjast 136. máli á 137. löggjafarþingi (frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.).
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skal skila skriflegri greinargerð þar sem metnir verða eftirfarandi þættir í greinargerðum fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands í tengslum við ofangreint þingmál:
 - Endurheimtuhlutfall, næmnisgreining.
 - Hagvaxtarspá, forsendur/trúverðugleiki, næmnisgreining, samanburður við útlönd, tengsl greiðslna vegna Icesave-reikninganna og hagvaxtar.
 - Vaxtastig, forsendur.
 - Athugun á forsendum um skuldastöðu hins opinbera, lánshæfiseinkunnir.
 - Gengisforsendur:
 - a. Gengisþróun, forsendur
 - b. Áhrif á viðskiptajöfnuð, forsendur
 - Áhrif forsendna um stóriðjuframkvæmdir.
 - Forsendur um skatttekjur ríkisins og fjármál hins opinbera.
 - Samantekt og niðurstöður.Ráðleggingar í skýrslum IMF og OECD verða einnig hafðar til hliðsjónar.
Ef þörf er á nánari afmörkun verkefnisins getur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands beint erindi þar um til ritara fjárlaganefndar eða forstöðumanns nefndasviðs, sem leita álits nefndarinnar.
- Skrifstofa Alþingis mun greiða Hagfræðistofnun Háskóla Íslands allt að 1.250 þús. kr. fyrir verkið, auk virðisaukaskatts, eða sem nemur 83 vinnustundum á 15.000 kr. án vsk. Upphæðin greiðist þegar álitinu hefur verið skilað til skrifstofu nefndasviðs. Ef ljóst þykir að heildarkostnaður við verkið muni verða meiri en 1.250 þús. kr. án vsk. ber Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að leita samþykkis forstöðumanns nefndasviðs áður en lengra er haldið.
- Álitinu ber að skila til nefndasviðs skrifstofu Alþingis, Austurstræti 8-10, eigi síðar en 3. ágúst 2009.
- Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og varðveita samningsaðilar sitt hvort eintakið.

Reykjavík, 24. júlí 2009


F.h. Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands



Gunnar Haraldsson

forstöðumaður

F.h. nefndasviðs skrifstofu Alþingis



Sigrún Brynja Einarsson

forstöðumaður

Samningur Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands við fjárlaganefnd Alþingis

DRÖG

Fjárlaganefnd hefur með bréfi dagsettu 20. júlí 2009 óskað eftir af Hagfræðistofnun rýni skriflega gögn fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands sem notuð voru til að gera úttekt á málum sem tengjast heimild fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast Icesave lánin.

Í framhaldi af því gera Hagfræðistofnun og Alþingi með sér neðangreindan samning.

Hagfræðistofnun mun skila skriflegri greinargerð þar sem litið verður á eftirtalda þætti í greinargerðum fjármálaráðuneytis og Seðlabanka:

1. Endurheimtuhlutfallið – næmnisgreining
2. Hagvaxtarspáin –forsendur/trúverðugleiki – næmnisgreining – samanburður við útlönd, Tengsl Icesave greiðslna og hagvaxtar
3. Vaxtastigið – forsendur
4. Athugun á forsendum um skuldastöðu hins opinbera –lánshæfiseinkunnir
5. Gengisforsendur
 - a. Gengisþróun - forsendur
 - b. Áhrif á viðskiptajöfnuð - forsendur
6. Áhrif forsendna um stóriðjuframkvæmdir
7. Forsendur um skatttekjur ríkisins og fjármál hins opinbera
8. Samantekt og niðurstöður

Að auki verða ráðleggingar í skýrslum IMF og OECD hafðar til hliðsjónar.

Verkinu skal lokið þann 2. ágúst 2009.

Kostnaður: Ætla má að 1,5 mannmánuður að lágmarki fari í verkið.